Samgöngustofa

Jón Gunnar Jónsson forstjóri

Reykjavík 6. nóvember 2026

Efni: Óskað skýringa á vinnubrögðum vegna áforma um afskráningu áhafna með AIS-upplýsingum

LS óskar eftir skriflegum skýringum á tilskipun sem samtökin fengu senda með tölvupósti 5. nóvember 2026 frá Samgöngustofu um uppfærslu lögskráningarkerfis sjómanna og fyrirhugaða afskráningu áhafna á grundvelli upplýsinga úr AIS-kerfinu.

LS hefur harðlega mótmælt þessum áformum. Þrátt fyrir þau mótmæli hefur nú verið send tilskipun þar sem boðuð er uppfærsla á næstunni og miðað við að afskrá áhafnir skipa sem ekki hafa verið á sjó undanfarna þrjá daga. Þessi framsetning gefur tilefni til að ætla að fyrirhugað sé að hrinda breytingunum í framkvæmd þrátt fyrir andstöðu LS. Samtökin telja slík vinnubrögð óásættanleg.

Sérstaklega er ámælisvert að tilskipunin, eins og hún var send LS, er óundirrituð og án nafngreinds ábyrgðarmanns, en samt er þess krafist að LS komi henni áfram til félagsmanna. LS telur ekki boðlegt að svo mikilvæg skilaboð séu sett fram með þessum hætti, án skýrrar ábyrgðar, rökstuðnings eða svara við mótmælum okkar.

Óskað er eftir skýrum svörum við eftirfarandi:

1. Hver samdi og samþykkti tilskipunina og hver ber ábyrgð á efni hennar? Hvers vegna var hún send án undirritunar eða nafngreinds ábyrgðarmanns?
2. Er tilskipunin fyrirmæli um framkvæmd, tilkynning um þegar tekna ákvörðun eða kynning á fyrirhuguðum breytingum? Óskað er eftir afriti af þeirri ákvörðun sem liggur að baki, hafi hún verið tekin, og upplýsingum um hver tók hana og hvenær.
3. Hvernig hefur verið fjallað um mótrök LS og hvers vegna er nú boðuð framkvæmd án þess að ágreiningurinn hafi verið leystur? Óskað er eftir efnislegum svörum við sjónarmiðum samtakanna, sett fram í bréfi til Samgöngustofu 8. desember 2025.
4. Á hvaða lagaheimild og rökstuðningi byggist fyrirhuguð afskráning eftir þrjá daga án sjóferðar? Hvernig er sú viðmiðun tengd því ákvæði sem vísað er til í tilskipuninni um afskráningu við komu skips í höfn?
5. Hvernig verður tryggt að AIS-upplýsingar leiði ekki til rangrar afskráningar? Hvaða tilkynningu fá skipstjórar og útgerðir áður en afskráning fer fram, hvernig verður tekið á frávikum og hvernig verður unnt að fá rangar skráningar leiðréttar?

6. Hvenær er fyrirhugað að framkvæma þá uppfærslu sem boðuð er og hvaða skip og áhafnir mun hún ná til? Jafnframt er óskað eftir skýrri aðgreiningu á þessari uppfærslu og þeirri varanlegu sjálfvirku afskráningu sem samkvæmt tilskipuninni er enn til skoðunar.
7. Hefur verið leitað álits Vaktstöðvar siglinga á fyrirhuguðum breytingum? Ef svo er, hver var niðurstaða þess álits? Ef ekki, hvers vegna var þess ekki leitað?
8. Hefur verið gerð greining á því hvaða áhrif fyrirhuguð framkvæmd muni hafa á þann tíma sem tekur að öðlast atvinnuréttindi á grundvelli lögskráningartíma?

LS gerir þá kröfu að fyrirhuguð afskráning á grundvelli þessarar tilskipunar verði ekki framkvæmd fyrr en framangreindum spurningum hefur verið svarað og raunverulegt samráð hefur farið fram við samtökin. LS mun ekki framsenda tilskipunina sem samþykkt eða óumdeild fyrirmæli og ítrekar að miðlun hennar felur ekki í sér samþykki samtakanna við áformin.

Óskað er eftir skriflegu svari svo fljótt sem auðið er og áður en nokkur framkvæmd hefst. Jafnframt er óskað eftir staðfestingu á því hvort framkvæmd verði frestað meðan málið er til umræðu.

Virðingarfyllst,

Kjartan Sveinsson, formaður